

Matráður IV / ÍST 5122,24

STARFSLÝSING

Yfirmaður: Ásta Eggertsdóttir

Stofnun / Deild: Skólamötuneyti.

1. Stjórnskipun, ábyrgð, markmið og meginviðfangsefni

Matráður í eldhúsi er starfsmaður Fjarðabyggðar og starfar undir stjórn leikskólastjóra. Matráður skal gegna starfinu samkvæmt leikskólalögum, reglugerðum, starfslýsingu, kjarasamningum og starfsmannastefnu Fjarðabyggðar, eftir því sem við á. Hann er þátttakandi í uppeldisstarfi skóla gagnvart næringu og heilsu. Hann skal hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum og hafa skólareglur í heiðri. Hann sýnir nemendum skóla gott fordæmi, er jákvæður, traustur og samkvæmur sjálfum sér.

2. Helstu verkefni

2.1. Almenn

- Sér um öll almenn störf í mötuneytinu, bakstur, þrif og að farið sé eftir matseðlum sveitarfélagsins.
- Þjálfar og útdeilir verkefnum til aðstoðarmatráðs í samráði við leikskólastjóra.
- Ber ábyrgð á daglegum þrifum og mælingum á hitastigi fyrir HAUST.
- Heldur þvottahúsi, búi sem og kaffistofu starfsmanna snyrtilegu.

2.2. Þjónusta

- Þjónusta við nemendur og starfsfólk leikskólans.
- Útbýr sérfæði fyrir þá nemendur og starfsmenn sem þess þurfa af heilsufarsástæðum.

2.3. Stjórnslýsla og stefnumótun

- Meginverkefni starfsins eru fyrirfram ákveðin, skipulögð eða fastmótuð og vinnu starfsmaður vanalega eftir fyrirmælum eða vinnuferlum þar sem skilgreint er hvernig, hvenær og í hvaða röð eigi að framkvæma meginverkefni starfsins.

2.4. Fjármál

- Umsjón með fjármálum eru ekki á verksviði starfsmanns, önnur en þau sem tilheyra matarinnkaupum.

2.5. Mannaforráð og stjórnun

- Sér um að leiðbeina og koma aðstoðarmatráði inn í starf í samvinnu við leikskólastjóra.

2.6. Teymisvinna

- Vinnur með aðstoðarmatráði og leikskólastjóra.

2.7. Samskipti

- Við nemendur og starfsfólk leikskólans sem og birgja.



2.8. Önnur verkefni

- Önnur verkefni sem leikskólastjóri felur honum og skilgreind eru á ábyrgðarsviði starfsmanns.

3. Hæfni- og samstarfsmarkmið

3.1. Menntun

- Menntun í matreiðslu er æskileg.
- Reynsla af matreiðslu er skilyrði.

3.2. Hæfnispættir

- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Frumkvæði og skipulagshæfni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Fjarðabyggð _____

Yfirmaður

Starfsmaður